

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Laugasól

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit:

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans: Virðing, fjölbreytileiki, sköpun.....	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum.....	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sunnulækjar (aldur barna 2-3ja ára).....	5
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Draumalækjar (aldur barna 2-3ja ára).....	7
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Mánalækjar (aldur barna 2-3ja ára)	8
2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Ljúfalækjar (aldur barna 4-5 ára).....	9
2.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Undralækjar (aldur barnanna 4 ára).....	11
2.6 Stutt greinargerð deildarstjóra Huldulækjar (aldur barnanna 4-6 ára	13
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Fagralækjar (aldur barna 5-6 ára).....	14
3 Ytra mat	17
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	18
4.1 Greingargerð sérkennslustjóra eitt:	18
4.2 Greingargerð sérkennslustjóra tvö:.....	20
5 Markmið næsta skólaárs	22
6 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	23
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
8 Foreldrasamvinna.....	26
9 Samstarf leik- og grunnskóla	27
10 Skipulagsdagar.....	29
11 Fylgigögn.....	29
11.1 Matsgögn.....	29
11.2 Umsögn foreldraráðs.....	29
11.3 Leikskóladagatal	29
11.4 Læsisstefna Laugasólar.....	29
11.5 Viðhorfskönnun starfsmanna	29

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: Virðing, fjölbreytileiki, sköpun

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Í Laugasól vorum við svo heppin að fá til okkar enn fleiri leikskólakennara sl. haust. Nú erum við einn af fáum leikskólum Reykjavíkurborgar sem tekist hefur að hækka hlutfall leikskólakennara svo um munar. Með leikskólakennurunum vinnur frábært annað starfsfólk með fjölbreytta menntun. Í Laugasól er lærdómssamfélag þar sem metnaður, áhugi og samtal eiga sér stað og hver lærir af öðrum til að bæta árangur í starfi. Um leið og leikskólakennarar eru fleiri en einn á deild þá hefur það áhrif á menningu leikskólans og starfsaðferðir, minni tími fer í að sinna starfsþjálfun og meiri tími í að vinna með börnum í faglegu starfi. Einnig má geta þess að starfsánægja er mikil, viðhorfskönnun starfsmanna kemur mjög vel út og oft er einhver í leikskólakennaranáminu og fleiri að byrja nú í haust.

Gengið hefur vel að vinna eftir skólanámskrá og starfsáætlun. Stöðug vinna er í gangi að samræma okkur betur í þessum stóra leikskóla með námsgögn og starfsaðferðir. Stór hluti af þessari samræmingu var sú að matsnefnd Laugasólar tók til starfa á skólaárinu. Nefndin er skipuð fimm leikskólakennurum sem ekki eru deildarstjórar ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þetta hefur hjálpað okkur til að samræma og þróa okkar faglega starf enn betur.

Leikskólinn fór til Finnlands í námsferð á vordögum. Í ferðina fóru 48 starfsmenn og var ferðin einstaklega vel heppnuð. Við fengum ýmsar hugmyndir til að þróa okkur áfram með, sáum líka hvað það er í raun margt sem við erum að gera vel.

Ég fagna því að Reykjavíkurborg sé farin af stað með vinnu í að bæta starfsumhverfi leikskóla. Fjöldi barna er allt of mikill og við verðum að huga að því hvernig við getum gert námsumhverfið betra fyrir börn og kennara.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á skólanámskrá leikskólans og eða áherslum leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna.

Á síðasta skólaári var ákveðið að meta sérstaklega á öllum deildum í Laugasól **einingakubbastarfið**, **frjálsan leik** og þátt sem við köllum **betri samskipti og bætt líðan**. Við settum okkur markmið í þessum þáttum sl. haust og má sjá hvernig til tókst á öllum deildum í niðurstöðum sem fylgja hér á eftir. Einnig gerði hver deild umbótaáætlun um þessa þætti. Allir þessir þættir voru metnir á deildarfundum og tóku því allir kennarar þátt í matinu og sjá má niðurstöður hér að neðan.

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sunnulækjar (aldur barna 2-3ja ára)

Einingakubbar

Einingakubbar eru í boði í frjálsum leik. Við sjáum þróun í leiknum, börnin eru farin að byggja byggingar og þau endast mun lengur í leiknum heldur en fyrst í haust. Við erum að reyna að kenna þeim að ganga frá kubbunum á réttan hátt og leggjum áherslu á að þau fari vel með efniviðinn. Viðbótarefni er alltaf í boði með einingakubbunum. Börnin sækja sér t.d. krosskubba, bíla og dýr til að leika með í frjálsa leiknum. Það er mjög vinsælt hjá okkar börnum að blanda einingakubbum saman við holukubba og úr því verður mjög flottur leikur og glæsilegar byggingar.

Frjáls leikur

Við leggjum aðaláherslu á frjálsan leik. Í leiknum myndast góð félagstengsl og börnin þroska samleik og samvinnu. Við skiptum barnahópnum eftir þörfum í smærri einingar til að skapa þægilegra og rólegra umhverfi fyrir leikinn. Efniviður er aðgengilegur fyrir börnin og þau geta sjálf sótt sér flest það sem þau langar að leika með. Litir og blöð o.þ.h. lætur kennari þau hafa og situr með þeim í því verkefni. Það sama á við um ýmis fínhyrfiverkefni eins og að pinna, þræða og klippa. Fjölbreytni er talsverð í leikefninu og við erum dugleg að skipta út og hvíla dót reglulega. Eitthvað er um notkun á endurnýtanlegum efniviði. Við leggjum mikla áherslu á útiveru og frjálsan leik sem þar skapast. Við förum í skipulagðar gönguferðir, börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þar gefst þeim tækifæri til að kynnast nærumhverfi sínu.

Betri samskipti, bætt líðan

Í vetur höfum við notað hringinn hennar Vöndu reglulega til þess að meta samskipti okkar við börnin. Það hefur gefist mjög vel og við haft mjög gott af því að meta samskipti okkar við börnin og bæta það

sem þarf að bæta og pæla í hvort allir fái jafna og góða og jákvæða athygli kennaranna. Við metum einnig samskipti barnanna hvert við annað, skoðum leik þeirra og félagstengsl og greinum þau að fyrirmynd Vöndu. Með þessu fáum við mjög góða heildarmynd af barnahópnum og erum fljótar að sjá út hvaða börn þurfa aðstoð í samskiptum, eru útundan eða eiga ekki félaga. Við höfum líka pælt í barnahópnum eftir flokkuninni hennar Vöndu (gerendur, þolendur, týndu börnin..) sem hjálpaði okkur mikið við að greina samskipti barnanna sín á milli og átta okkur á hverjir ættu erfitt.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Einingakubbar	Gæði kubbastundar aukist, frágangur lærist og verði jákvæður, skemmtilegur og sjálfsagður hluti kubbastundar.	Hafa reglulega kubbastundir með fámennum hóp, þar sem kennarinn leiðbeinir án þess þó að yfirtaka leikinn.	Frá hausti og fram á vor.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og skrá.	Úthald eykst í leik, ánægja verður meiri og byggingar flóknari.
Frjáls leikur	Skapa rólegt og þægilegt umhverfi með það að markmiði að draga úr hávaða.	Skipta börnunum oft í smærri hópa þegar tækifæri gefst.	Frá hausti og fram á vor.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og gera skráningar.	Að frjáls leikur sé gefandi og uppbyggilegur.
Samskipti, líðan	Tryggja að öllum líði vel og allir eigi félaga/vin.	Halda áfram að nota samskiptahringinn hennar Vöndu og kenna góð og falleg samskipti hvert við annað.	Allt skólaárið.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Alltaf á deildarfundum, nota hringinn hennar Vöndu.	Að allir eigi í góðum og fallegum samskiptum innan veggja leikskólans.

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Draumalækjar (aldur barna 2-3ja ára)

Einingakubbar

Unnið var í litlum hópum í hópastarfi og alltaf kennari með. Boðið var upp á einingakubba í frjálsum leik og í litlum hópum. Náðum góðum árangri, úthald gott í leik barnanna og mikil þróun í kubbaleik.

Frjáls leikur

Unnið var í litlum hópum og börnunum mikið skipt upp á svæði á deildinni. Ef börnin vildu síðan skipta um leiksvæði var leikefni til staðar sem þau gátu valið sér, þannig þau færu ekki inní hópa sem fyrir voru. Þetta reyndist okkur vel, leikurinn fékk að njóta sín og þróast.

Betri samskipti, bætt líðan

Hringurinn hennar Vöndu var notaður á haustmánuðum og kennarar fóru yfir öll börn á deildinni. Þetta reyndist vel og kennarar höfðu gott af því að meta samskipti sín við börnin. Samskipti barnanna voru einnig metin og unnið sérstaklega með það sem á þurfti að halda.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðarað ili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Eininga- kubbar	Að börnin kynnist öllum þeim eiginleikum sem kubbarnir hafa upp á að bjóða. Að þau læri að bera virðingu fyrir kubbunum.	Skipulagðar kubbastundir, kennarinn leiðir leikinn með opnum spurningum. Að frágangur hafi jafn mikið vægi og leikurinn sjálfur.	Frá september og fram á vor.	Deildarstjóri og hópstjórar.	Ræða saman á deildarfundum, fylgjast með og skrá.	Ánægja og áhugi verður meiri hjá börnunum og úthald eykst.
Frjáls leikur	Að allir fái að njóta sín. Að leikurinn fái að þróast.	Gefa frjálsum leik meiri tíma og hafa börnin í litlum hópum. Að kennarinn sé hlutlaus en til staðar.	Allt skóla - árið.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Ræða saman á deildarfundum, fylgjast með og gera skráningar.	Að frjáls leikur sé gefandi og uppbyggilegur og að börnin læri í gegnum leik.
Samskipti, líðan	Að allir fái að njóta sín á sínum forsendum og líði vel í leikskólanum.	Halda áfram að nota samskipta-hringinn hennar Vöndu og kenna góð og falleg samskipti.	Allt skóla-árið.	Deildarstjóri og allir kennarar.	Reglulega á deildarfundum og nota samskipta-hringinn hennar Vöndu.	Að allir eigi falleg og góð samskipti bæði börn og kennarar.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Mánalækjar (aldur barna 2-3ja ára)

Einingakubbar

Á Mánalæk eru einingakubbarnir í opnum skáp. Kubbarnir eru aðgengilegir fyrir börnin. Á haustmánuðum og fram að jólafríi var farið í skipulagðar kubbastundir, það skipulag fór ekki aftur af stað á nýju ári. Talsverð þróun hefur verið í byggingum hjá börnunum og það á einnig við um fráganginn. Það fór að ganga betur, að ganga frá eftir að kennarar voru búnir að leiðbeina í tiltektinni. Þegar komin er bygging eða byggingar og leikurinn virðist vera að leysast upp þá er stundum komið inn með eitthvað auka t.d. dýr, dúkkur, slæður. Þessi viðbótarefniviður færir oft nýja glóð í leikinn og hann lifnar við á ný. Þau fá nokkuð frjálsar hendur í kubbaleiknum og eru í hóp eða ein ef þau kjósa það frekar. Eins og með allan annan efnivið þá er þeim leiðbeint varðandi umgengni við kubbana og að bera virðingu fyrir þeim.

Á nýju skólaári er umhugsunarvert að koma á skipulagðri kubbavinnu einu sinni til tvisvar í viku. Kynna þennan efnivið fyrir nýjum börnum því það virðist þurfa að kynna kubbana sérstaklega því þrátt fyrir óheft aðgengi að þeim þá sækja þau ekki í að leika með þá að fyrra bragði.

Frjáls leikur

Nánast allur efniviður er í hæð barnanna og þau hafa óheft aðgengi að honum. Öll svæði eru nýtt sem hægt er að nýta, börnunum er skipt niður á svæði til að reyna að skapa ró og einbeitingu. Stundum skiptir kennari börnunum en stundum gerist það bara að þau skipta sér sjálf á svæði. Ekki má gleyma að í heildina eru of mörg börn í því rými sem Mánalækur hefur aðgengi að! Leikefnið er þokkalega fjölbreytt og við höfum verið mjög dugleg að nota endurnýtanlegan efnivið, pappakassi og eggjabakki getur verið allt sem þarf til að ævintýri skapist. Höldum áfram á sömu leið og bætum heldur í að nýta allt og ýmislegt sem til fellur í kringum okkur.

Betri samskipti, bætt líðan

Við höfum ekki alveg verið að standa okkur í að fylgja eftir ráðum Vöndu. Jú, á deildarfundum ræðum við börnin og samskiptin þeirra á milli og barn/kennari, höfum gefið þeim tölu í tengslum við hversu jákvæðum/neikvæðum samskiptum kennari á við börnin. Höfum samt ekki fylgt þessu nóg eftir á blaði. Tölum saman en lítið skráð niður.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgða raðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Eininga- kubbar	Þróa kubbastarfið og leiðbeina varðandi umgengni við kubbana. Að börnin læri að bera virðingu fyrir þeim.	Hafa skipulagðar kubbastundir, einu sinni til tvisvar í viku. Bæta inn viðbótarefni til að auðga leikinn og gera hann áhugaverðari. Kynna efniviðinn betur.	Allt skóla- árið.	Deildastjór i og starfsfólk deildarinn ar.	Ræða saman á deildarfundum, skráningar.	Úthald eykst og áhugi vakni á kubbunum.
Frjáls leikur	Leikefnið sé fjölbreytt og skapandi og alltaf aðgengilegt börnunum.	Vera alltaf með fjölbreytt leikefni.	Allt skólaárið.	Deildastjór i og starfsfólk deildarinn ar.	Ræða saman á deildarfundum, skráningar.	Að frjáls leikur sé gefandi og uppbyggilegur og að börnin læri í gegnum leik.
Samskipti, líðan	Nota samskiptahringinn reglulega og meta börnin, svo það verði alltaf góð og falleg samskipti hjá börnum og starfsfólki.	Skrá niður og fylgja eftir áætlunum sem gerðar eru.	September til maí.	Deildarstjó ri og allt starfsfólk.	Reglulega á deildarfundum og nota samskiptahring- inn hennar Vöndu.	Að allir eigi falleg og góð samskipti bæði börn og kennarar.

2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Ljúfalækjar (aldur barna 4-5 ára)

Einingarkubbar

Leikefnið er aðgengilegt alla daga. Kubbahópar eru einu sinni í viku. Unnið er í þemavinnu veturinn 2017 – 18 í einingakubbunum – þemað var „Húsið mitt“. Börnin heimsóttu húsin sín teiknuðu þau og byggðu úr einingakubbunum, þá voru einnig umræðuhópar. Frágangur er hluti af kubbastundinni og alla daga er kennari með í frágangi. Allir hlutir eiga sinn stað og virðing er borin fyrir leikfninu. Oft er rætt við börnin um umgengni, um námsefnið og fráganginn. Kennarinn undirbýr sig með umræðum við hina kennarana. Í kubbastundum er kennari alltaf undirbúinn og stundin hafði upphaf miðju og endi. Rýmið er vel úthugað, viðbótarefni lagt inn þegar byggingarnar eru komnar vel á veg. Kennarinn skráir bæði í myndum og skriflega. Kennarinn leiðir kubbaleikinn með opnum spurningum. Alltaf er gefinn nægur tími í kubbastundina.

Frjáls leikur

Við bjóðum alltaf hlutverkadót í frjálsa leiknum. Við höfum flokkað viðbótarefniviðinn (hlutverkadót) í glæra kassa og bjóðum upp á það til að bæta eða auðga leikinn þegar við á. Við pössum okkur á því að hafa ekki offramboð af dóti og síðan er gengið snyrtilega frá aftur í kassann. Börnin geta farið í hillu og sótt sér dót til þess að leika með þannig að leikefni er sýnilegt og aðgengi er gott. Við fylgjumst einnig vel með, án þess að vera ferköntuð, hvað mörg börn geta verið á svæði, ef svæði leyfir fjóra og það er flottur leikur með sex börnum þá gengur það alveg upp. Það er fjölbreytni í leikefninu, þar sem við erum bæði með opinn og lokaðan efnivið. Við viljum helst hafa opinn en vegna fjölbreytileika í barnahópnum þá hefur reynst betur að bjóða upp á blandaðan efnivið. Við þiggjum allan efnivið sem okkur er boðið og þar eru foreldrar duglegir að gefa okkur m.a.tóma pappakassa til að leika með eða blöð til að nota.

Betri samskipti, bætt líðan

Á deildarfundum förum við yfir líðandi stund og tökum púlsinn á barnahópnum. Yfirleitt þarf að ræða eitthvað í tengslum við barnið eða umhverfi þess, síðan eru stigin skref í að bæta atriði í tengslum við barnið. Þetta getur verið smávægilegt yfir í eitthvað stærra. Allir á deildinni geta sagt sína skoðun og sagt frá sinni upplifun. Ef um greiningarferli er að ræða þá er hægt að bjóða sérkennslustjórum á fund og eru þeir mjög ráðagóðir og liðlegir.

Við undirbúum foreldrasamtöl vel og ef við förum í viðtal með sérkennslustjóra þá berum við saman bækur okkar og komum vel undibúin í samtalið. Deildarstjóri er einnig búinn að undirbúa foreldra að sérkennslustjóri verði á fundinum þannig að þau séu einnig undirbúin.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Eininga- kubbar	Víkka sjóndeildarhring barnanna. Tengja upplifun þeirra í einingakubbastarf ið.	Skoða nánasta umhverfi og byggingar. Heimsækja vinnustaði foreldra. Hlusta eftir hugmyndum barnanna.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundum og með skráningum. Kennarinn undirbýr sig með samræðum við hina kennarana.	Að upplifun og reynsla barnanna á nánasta umhverfi birtist í einingakubbastarfinu.
Frjáls leikur	Hlusta á þarfir barnann og hvað þau eru opin fyrir að gera.	Finna meira af opnum efnivið og „stærðfræði“ og „eðlisfræði“	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundum og með skráningum.	Ánægja og úthald í frjálsa leiknum aukist.
Samskipti, bætt líðan	Að allir fái að njóta sín á sínum forsendum og líði vel í leikskólanum.	Nota samskiptahringinn hennar Vöndu	Allt skólaárið.	Deildarstjóri og allir kennarar.	Reglulega á deildarfundum og nota samskiptahringinn hennar Vöndu.	Að allir eigi falleg og góð samskipti bæði börn og kennarar.

2.5 Stutt greinargerð deildarstjóra Undralækjar (aldur barnanna 4 ára)

Einingakubbar

Einingakubbar voru mikið notaðir í vetur en það voru ekki ákveðnar kubbastundir. Við höfum verið að færa kubbana um deildina til að finna hentugasta staðinn fyrir þá. Þeir eru núna í litla herberginu en við erum ekki viss um að það sé besti staðurinn því þróunin hefur orðið minni eftir að þeir fóru þangað inn en í staðinn er hægt að geyma byggingar ef þess þarf.

Það hafa orðið miklar framfarir hjá börnunum í vetur og við sjáum að þau nota kubbana til að vinna úr reynslu þó við höfum ekki lagt það inn. Myndir á veggjum og umræður hafa orðið kveikjur að byggingum. Bætt hefur verið við efni eins og kúlum, dýrum, litlum kubbum og teppum og það hefur aukið þróun og úthald í leik. Við þurfum að bæta merkingar sem hafa horfið með tímanum og frágangur því ekki eins og best verður á kosið. Samræma mætti kubbastarfið í leikskólanum og fá meiri fræðslu fyrir kennara.

Frjáls leikur

Leikurinn hefur verið meginleiðin í deildarstarfinu í vetur. Viðhorf starfsfólks og barna hefur verið mjög jákvætt gagnvart leiknum. Efniviður er aðgengilegur og börnin dugleg að finna sér verkefni og nýta það sem boðið er upp á. Mikil þróun hefur orðið og börnin eiga gott með að leika sér saman. Við mættum kannski vera duglegri að setja inn efnivið á ákveðin svæði áður en leikur hefst, bæði til að dreifa börnum og auka fjölbreytni. Það sem hefur kannski vantað hjá okkur eru efni eins og fyrir smíðar og annað slíkt.

Vönduhringur

Okkur fannst mjög gott að hafa hringinn og +/- merkingar. Við gerðum þetta fyrst í nóvember og þá kom í ljós ýmislegt sem að við sáum að við gætum bætt okkur í. Þegar við renndum yfir þetta aftur í vor þá sáum við ákveðnar framfarir og hversu vel þessi leið hentar í starfi.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Eininga- kubbar	Að leggja áherslu á frágang í kubbaleik. Að þróa leikinn og úthald enn betur.	Bæta merkingar svo auðveldara verði að taka saman í lok leiks. Auðga leikinn enn frekar með því að bæta við efni eins og kúlum, dýrum, litlum kubbum og teppum.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundu m. Með samræðum og athugunum/skráningum.	Að börnin noti kubbana til að vinna úr reynslu sinni. Að myndir á veggjum og umræður hafi orðið kveikjur að byggingum.
Frjáls leikur	Að bjóða upp á fjölbreyttari efnivið. Að undirbúa leikinn betur.	Að setja efnivið á ákveðin svæði áður en leikur hefst, bæði til að dreifa börnum og auka fjölbreytni.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundu m. Með samræðum og skráningum.	Að börnin ná betur að leika sér saman. Að börnin verði duglegri að finna sér verkefni.
Samskipti og bætt líðan	Nýta samskiptahring Vöndu áfram til þess að aðgreina samskipti milli hópa/einstaklinga á deildinni.	Með því að nota hringinn og meta okkur sjálf og börnin á hreinskilin og uppbyggjandi hátt.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri.	Á deildarfundu m, með samræðum og skráningum.	Bætt samskipti, betri ákvarðanir.

2.6 Stutt greinargerð deildarstjóra Huldulækjar (aldur barnanna 4-6 ára)

Einingakubbar

Á hverjum degi eru einingakubbar í boði sem leikefni. Þeir eru staðsettir niðri í kjallara því þar skapast gott næði fyrir kubbaleikinn. Hópastarf í einingakubbum er tvisvar í viku og sá sami kennarinn um hópastarfið. Kennarinn undirbjó og skipulagði námsumhverfið með því að hafa svæðið autt. Í byrjun settust börnin niður með kennara og skýrðu frá því hvað þau hyggðust byggja. Síðan hófst eiginlegt kubbastarf, kennari sat til hliðar og fylgdist með, greip inni í ef hann taldi það þurfa og tók ljósmyndir. Ljósmyndirnar voru síðan notaðar í skráningar á sameiginlega vefsíðu deildarinnar og til þess að prenta upp og hengja á vegg. Það var alltaf tekið saman eftir kubbaleik en gaman væri að leyfa byggingum að standa út vikuna og setja það í þeirra hendur að halda kubbasvæðinu nokkuð hreinlegu og auka þannig við ábyrgðartilfinningu þeirra fyrir sínum kubbabyggingum. Við viljum sjá markvissari vinnu með einingakubbana, bæði frjálst og í tengslum við hópastarf.

Frjáls leikur

Opinn efniðviður er aðallega í boði á deildinni en einnig fjölbreytt leikefni og mikið af því endurnýtanlegt. Kennarar ýta undir leikinn og styðja við hann ef þess gerist þörf.

Leikefnið sem er í boði á deildinni er í hæð barnanna. Við erum með gott rými fyrir leik og leylfum fjölda barna á svæði án þess að hefta eða takmarka. Því fleiri börn sem eru í leiknum því virkari erum við sem kennarahópur að vera á svæðinu og fylgjast með leiknum. Leikur var settur á oddinn hverju sinni og gátu börnin leikið sér í einingakubbum, holukubbum og öðrum kubbum ásamt því að frjáls aðgangur var í föndurvagn til þess að klippa, líma og lita. Næsta skólaár væri hugmynd að skipta börnunum meira upp, úti eða inni og einnig að dreifa börnum og kennurum meira á svæði inni.

Betri samskipti, bætt líðan

Okkur finnst sú vinna sem höfum farið í gegnum á einu skólaári eftir ráðgjöf Vöndu Sigurgeirsdóttur vera frábær. Þau tæki sem hún lagði í hendur okkar hefur orðið til þess að við metum sjálf okkur á hreinskilin en jafnframt uppbyggjandi hátt og getum í framhaldinu tekið eina góða ákvörðun um framhaldið. Ekki hefur verið unnið með þetta áður og það gat tekið tíma á deildarfundum að setja sig inni málin. En um leið og reynsla er komin er hægt að vinna meira með niðurstöðurnar og samanburðinn inni á deild yfir veturinn.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Eininga- kubbar	Að vinna markvissara með einingakubbana, bæði frjálst og í hópasatarfi.	Hver hópur er eina viku í senn og leyfa byggingunum að standa út vikuna. Hafa kubba-svæðið autt og tilbúið til leikjar.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundu m. Með samræðum og athugunum/skráningum.	Börnin fá næði og tíma í kubbaleik.
Frjáls leikur	Fækka börnum á leiksvæðum.	Skipta hópunum meira úti og inni.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundu m. Með samræðum og skráningum.	Að frjáls leikur sé gefandi og uppbyggilegur, að leikefni sé fjölbreytt.
Samskip- ti, betri líðan	Nýta samskiptahring Vöndu áfram. Nota hringinn til að greina samskipti milli hópa/einstaklinga á deildinni.	Með því að nota hringinn og meta okkur sjálf og börnin á hreinskilin en jafnframt uppbyggjandi hátt.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri.	Á deildarfundu m, með samræðum.	Bætt samskipti, betri ákvarðanir.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Fagralækjar (aldur barna 5-6 ára)

Einingakubbar

Einingakubbar eru í boði á hverjum degi fyrir börnin í frjálsum leik og hafa þau ráðið ferðinni í leiknum. Þeir eru aðgengilegir og það sama á við um viðbótaefnivið. Sá viðbótaefniviður sem er í boði með einingakubbum var vel nýttur og gefur börnunum enn meiri tækifæri til þess að þróa sig í leiknum og auka ímyndunaraflíð þeirra. Lögð var áhersla á að kenna börnunum frágang og að bera virðingu fyrir efniviðnum sem námsefni. Í frjálsum leik hafa börnin notið sín í leik og starfi með einingakubbana og höfum við séð mikla þróun og flottar byggingar hjá þeim. Í kubbastundum náðist að vekja áhuga barnanna og góð samvinna myndaðist á meðal þeirra. Þau byggðu líka á fyrri reynslu af kubbastarfi og því sást samvinna og góður leikur hjá þeim. Viðbótarefniviðurinn mætti vera fjölbreyttari og meiri eins og t.d. að nota meira af ritföngum og annað slíkt til þess að auka þroska og þróun í leikinum.

Frjáls leikur

Börnin hafa fengið tíma og rými til þess að auðga leik sinn. Í haust fengum við fleiri holukubba og eftir það sást mikil þróun í hlutverkaleik barnanna. Byggingar hafa fengið að standa þannig að þau hafa getað hætt í leik og komið svo aftur og haldið áfram. Það hefur verið hlustað á hugmyndir og óskir barnanna og þeim mætt eins vel og hægt er og því er leikefni og viðfangsefni fjölbreyttara. Allur efniviður er sýnilegur og aðgengilegur, opin efniviður hefur verið notaður á fjölbreyttan hátt.

Betri samskipti, bætt líðan

Strax í haust var farið í greiningarvinnu samkvæmt efni frá Vöndu sem hjálpaði til að skoða vel barnahópinn. Í þessari vinnu skoðuðum við bæði samskipti á milli barna, og á milli starfsfólks og barna. Sú vinna hjálpaði okkur í því að vinna að bættum samskiptum hvort sem var á milli barna eða barna og starfsfólks, einnig auðveldaði vinnan okkur að lesa betur börnin og þarfir þeirra.

Við erum öll sammála um það að verkefnið um betri samskipti og bætt líðan væri mikilvægur partur af leikskólastarfinu. Það væri gott að byrja haustin á því að skoða barnahópinn ásamt því að vinna verkefni tengd vináttunni og sérstaklega verkefnið þar sem að börnin nefna vini sína til þess að sjá ef það er eitthvað barn sem enginn nefnir.

Umbót a-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Eininga-kubbar	Skipulagðar kubbastundir, undirbúa þær betur. Efla virðingu fyrir efniviðnum og auka úthald í leik.	Hafa fjölbreyttari efnivið. Tengja kubbastundir ferðum og annarri upplifun barnanna. Gera kennara virkari í leik barnanna. Nota meira opnar spurningar í kubbavinnu með börnunum.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsmenn deildarinnar.	Á deildarfundum. Með samræðum og athugunum/skráningum.	Áhugi allra að leika með kubbana. Reglulegar kubbastundir.
Frjáls leikur	Að draga úr hávaða og truflunum á leiksvæðum. Bæta frágang og gera umhverfið snyrtilegra.	Skipa í minni hópa. Að frágangur sé hluti af leiknum. Að hver hlutur hafi sinn stað.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsmenn deildarinnar.	Á deildarfundum. Með samræðum, skráningum og athugunum.	Að frjáls leikur sé gefandi og uppbyggilegur, að leikefni sé fjölbreytt.
Samskipti, bætt líðan	Að mæta þörfum barna/kennara um bætt líðan og góð samskipti allra.	Halda áfram að nota samskiptahringinn hennar Vöndu.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsmenn deildarinnar.	Á deildarfundum og nota samskiptahringinn hennar Vöndu.	Að allir eigi falleg og góð samskipti bæði börn og kennarar.

3 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmanna sem skilað var í lok apríl.

Tilgangur hennar var að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Þessar niðurstöður eru nýttar til að bæta árangur í mannauðsmálum. Könnunin var í formi spurningalista og rafræn.

Helstu niðurstöður

Svarhlutfall var 80,4 % og er það mikil aukning frá síðustu könnun, þar sem rétt um 60 % tóku þátt.

Niðurstöður er mjög svipaðar og sl. skólaár en þá hækkuðum við töluvert frá könnuninni þar á undan.

Við erum enn allstaðar fyrir ofan meðalskor og getum vel við unað. Hér á eftir má sjá helstu niðurstöður:

Þáttur:	Niðurstaða nú:	Fyrri könnun:
Meðalskor allra þátta	4,41	4,49
Starfsánægja	4,65	4,62
Hæfni og áhugi starfsmanna	4,38	4,46
Árangursríkir stjórnunarbættir	4,39	4,58
Eflandi starfsumhverfi	4,41	4,46

Í niðurstöðum kemur fram að áreitni/og fordómar mælast enn og er það miður. Leggja þarf áherslu á fræðslu og þjálfun starfsmanna. Ánægjulegt er þó að segja að við hækkuðum okkur í móttöku nýliða og hefur sú vinna sem lögð var í það skilað sér. Vinnuálag er of mikið en mælist þó minna nú en áður.

Umbótapættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Áreitni og fordómar	Að enginn upplifi áreitni eða fordóma í Laugasól.	Fræðsla, samræða og heiðarleg samskipti.	Alltaf, alla daga.	Allir starfsmenn Laugasólar.	Viðhorfskönnun / vor 2019.	Að áreitni og fordómar mælist ekki í næstu könnun.
Fræðsla og þjálfun	Allir hafi tækifæri til að sækja sér símenntun og bjóða einnig upp á símenntun í leikskólanum.	Nýta skipulagsdaga í fræðslu og hvetja starfsmenn til símenntunar og gera áætlun þess efnis.	September til maí.	Allir stjórnendur í Laugasól.	Í samantekt og endurmati vor 2019.	Að allir starfsmenn upplifi og fái fræðslu og þjálfun í starfi sínu yfir skólaárið.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í Laugasól eru tveir sérkennslustjórar. Sérkennslustjóri 1 sér um málörvun, matslista, skimanir, íhlutanir og tilvísanar ásamt því að taka börn í þjálfun. Sérkennslustjóri 2 sér um framkvæmd atferlisþjálfunar og skipulagningu. Matið frá þeim er í sitt hvoru lagi þar sem verksvið þeirra er ólíkt.

Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?

Fimm börn eru með stuðning í 1.flokki, samtals eru þau með 36 tíma á viku og sex börn eru með stuðning í 2.flokki. Fyrir utan sérkennslustjóra voru fimm starfsmenn sem höfðu umsjón með stuðning/þjálfun barnanna.

4.1 Greingargerð sérkennslustjóra eitt:

Í byrjun september 2017, þegar nýr sérkennslustjóri hóf starf, var tekin sú ákvörðun að viðkomandi hefði umsjón með málörvun barna sem á því þurfa að halda ásamt snemmtækri íhlutun í málþroska og félags- og tilfinningaþroska. Viðkomandi sérkennslustjóri er með fasta viðveru einu sinni í viku á þremur yngstu deildum leikskólans og oftast ef hægt er að koma því við. Er það gert til að tryggja náið samstarf deildarstjóra, deildarstarfsmanna og sérkennslustjóra. Það þjónar líka þeim tilgangi að sérkennslustjóri kynnist öllum börnunum náið, kynnist styrkleikum þeirra og geti komið auga á ef einhverju er ábótavant. Það auðveldar sérkennslustjóra að sinna íhlutun einstakara barna og vera fyrirmynd fyrir þá sem vinna með börnunum. Deildarstjóri og aðrir deildarstarfsmenn geta auðveldlega ráðfært sig við sérkennslustjóra, þegar hann hefur fasta viðveru á deildunum. Ef grunur er um frávík í þroska hjá barni þá eru næstu skref unnin í nánu samstarfi deildarstjóra, sérkennslustjóra og foreldra. Sérkennslustjóri veitir m.a. ráðgjöf til foreldra, deildarstjóra og deildarstarfsmanna um málörvun einstakra barna og fyrir deildina. Á eldri deildum leikskólans sinnir sérkennslustjóri m.a. íhlutun fyrir börn sem þurfa málörvun og íhlutun varðandi félags- og tilfinningaþroska. Sérkennslustjóri vinnur með börnunum ýmist inn á deild, í litlum hópum eða einstaklingslega allt eftir viðfangsefni hverju sinni.

Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu?

Það getur verið misjafnt hverjir koma að gerð einstaklingsnámskráa en í flestum tilfellum er það deildarstjóri, sérkennslustjóri og foreldrar. Fyrir þau börn sem hafa mikinn stuðning þá eru það einnig ráðgjafar frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Í einstaklingsnámskrá er fyrst og fremst lögð áhersla á hvaða færni við viljum ná hjá viðkomandi barni. Það er gerð áætlun um hvaða leiðir og aðferðir við notum til að efla færni barnsins. Í áætluninni er tekið skýrt fram hvað deildarstarfsmenn, stuðningsaðili og foreldrar eiga að leggja áherslu á svo að allir séu að stefna að sama markmiði.

Einstaklingáætlunin er síðan endurmetin eftir 3-6 mánuði (eða fyrr) og farið yfir stöðu barnsins og ný markmið sett í samráði við deildarstjóra, sérkennslustjóra, foreldra og í sumum tilfellum sérfræðinga frá Þjónustumiðstöð.

Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf

Teymisfundir eru með reglulegu millibili fyrir þau börn sem heyra undir 1. flokk og 2. flokk. Teymisfundina sitja sérkennslustjóri, þjálfari barnsins, foreldrar, deildarstjóri/starfsmenn og stuðningsaðilar frá Þjónustumiðstöð. Fyrir þau börn sem ekki falla undir 1. og 2. flokk þá hittast sérkennslustjóri, deildarstjóri og foreldrar eins oft og þurfa þykir. Á slíkum fundum koma deildarstjóri og sérkennslustjóri á framfæri fræðslu og ráðleggingum til foreldra og foreldrar bera upp óskir um aðstoð og ráðleggingar að hálfu leikskólans.

Samstarf við Þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir

Samstarf við Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis er með þeim hætti að sérkennslustjóra stendur til boða að sækja fundi á vegum Þjónustumiðstöðvar er beinast að beiðnum og eru það u.þ.b. sex fundir á ári. Einnig sendir sérkennslustjóri beiðnir á Þjónustumiðstöðina er varða athuganir á þroska barna. Sérkennslustjóri hefur einnig haft mikið og gott samráð við talmeinafræðinga sem eru með börn frá leikskólanum í talþjálfun. Þá hefur sérkennslustjóri fengið að fylgjast með í tíma hjá viðkomandi talmeinafræðingi og í framhaldinu samræmt áherslur í talþjálfun við áherslur í málörvun í leikskóla. Samstarf er á milli sérkennslustjóra/deildarstjóra og iðjupjálfa frá Æfingastöðinni til að samræma þjálfun hjá barni. Samstarf milli sérkennslustjóra/deildarstjóra og sjúkráþjálfa frá Æfingastöðinni þar sem viðkomandi sjúkráþjálfari kom í leikskólann og sýndi með hvaða hætti leikskólinn gæti eflt hreyfiþroska barns sem var í þjálfun á Æfingastöðinni.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur

Líkt og áður hefur komið fram þá er rík áhersla lögð á að sérkennslustjóri vinni náið með deildarstjórum og deildarstarfsmönnum. Það fer m.a. fram með fastri viðveru á deildum, á deildarfundum og í daglegum samskiptum. Deildarstjórar geta farið fram á ráðgjöf, fræðslu og/eða stuðning sérkennslustjóra og viðkomandi vinnur það í samstarfi við deildarstjóra og/eða leitar eftir ráðgjöf frá Þjónustumiðstöð ef þess er þörf.

4.2 Greingargerð sérkennslustjóra tvö:

Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum:

Til þess að setja upp markvissa einstaklingsáætlun í snemmtækri íhlutun er VB-MAPP matslistinn notaður. Þar sést vel hver staða barnsins er og framvinda í þjálfun. VB-MAPP metur stöðuna í fjölbreyttum þáttum málsins, auk eftirhermu, félags- og leikþroska. Sérkennari ásamt sérkennslustjóra vinna einstaklingsnámskrár undir leiðsögn sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar.

Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf og samstaf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir:

Reglulegir fundir, um það bil mánaðarlega, eru haldnir með sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis þar sem farið er yfir stöðu mála og markmið endurskoðuð. Fyrir börn sem eru í snemmtækri atferlisíhlutun þá eru teymisfundir (workshop) tvisvar til þrisvar á ári með foreldrum, sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar, atferlisráðgjafa hjá GRR og leikskólanum. Á þessum fundum er barnið þjálfað og veitt er bein ráðgjöf í þjálfunartækni og skráningum, einnig er farið yfir stöðu og framvindu þjálfunaráætlunar og markmið endurskoðuð. Rætt er um helstu áherslur varðandi hegðunarvanda heima og í leikskólanum eftir þörfum hverju sinni.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur:

Tveir sérkennslufundir eru hvora viku þar sem sérkennslustjórar og sérkennarar hittast til að miðla upplýsingum, fá ráðgjöf og stilla saman strengi. Sérkennslustjórar mæta reglulega á deildarfundi þar sem upplýsingum er miðlað og einnig veitt ráðgjöf.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Fjölbreyttar leiðir í málörvun barna	Kveikja áhuga starfsfólks til aukinnar fjölbreytni í málörvun með börnum.	Aukin fræðsla og íhlutun sérkennslustjóra inná deildum. Auka fjölbreytni í leiðum til málörvunar.	September 2018-ágúst 2019.	Sérkennslustjóri 1	Í september 2018 metur sérkennslustjóri með deildarstarfsmönnum um óskir og þarfir sem varða málörvun barna í daglegu starfi inn á deild. Áætlun um framhald útbúin að því loknu. Meta stöðu ársfjórðungslega á deildarfundum með starfsfólki.	Að starfsfólk nýti fleiri tækifæri og fjölbreyttari nálgun til málörvunar með börnum í daglegu starfi.
Bæta samstarf sérkennslu og deilda	Auka upplýsingaflæði milli deilda og sérkennslu með það að markmiði að styðja betur við nám barna er njóta sérkennslu í leikskólanum.	Að sérkennslu-stjóri fái upplýsingar á deildarfundum er varða áherslur í deildarstarfi næstu 2 vikurnar og miðli því til viðkomandi sérkennara. Sömuleiðis miðlar sérkennslustjóri áherslum í þjálfun barna og hver aðkoma deildarinnar geti orðið í því ferli.	September 2018-ágúst 2019.	Sérkennslustjóri órar leikskólans í samstarfi við sérkennara.	Deildarfundir með starfsfólki. Sérkennlufundum einu sinni í mánuði. Þá er rýnt í hvort og með hvaða hætti upplýsingar og yfirfærslan hafi tekist og ákvörðun tekin um næstu skref.	Að áherslur í deildarstarfi fléttist meira inn í þjálfun barna með sérþarfir. Að áherslur í þjálfun barna með sérþarfir fléttist meira inn í deildarstarf.
Langtímaáætlun v/ barna í 1. og 2. flokki	Að útbúa einstaklingáætlun yfir allt skólaárið fyrir börn sem falla undir 1.og 2. flokk í samstarfi við PMLH. Að áætlunin feli m.a. í sér tímaáætlun í námsferli barnsins og tímaáætlun í samráðsfundum teymis.	Að skerpa á áherslum í námsferli og endurmati á framförum barna sem falla undir 1. og 2. flokk. Tímaáætlun samráðsfunda teymis gefi betri möguleika á að skipuleggja íhlutun og endurmeta þjálfun.	September 2018-ágúst 2019.	Sérkennslustjóri 2.	Staðan er metin í lok hvernar annar. Þá fer rýnihópur yfir hvort að áætlun um teymisfundi hafi staðist. Fer einnig yfir hvort tímaáætlun er varðar íhlutun þjálfunar barnsins hafi verið raunhæf.	Að þetta fyrirkomulag skili markvissari vinnubrögðum í kringum einstaklingsáætlun barna er falla undir 1. og 2. flokk.

5 Markmið næsta skólaárs

Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi

Á næsta skólaári verður unnið markvisst með *jafnrétti*, *lýðræði* og *mannréttindi*. Jafnrétti er einn af sex grunnþáttum menntunar sem eru í aðalnámskrá leikskóla og grundvallarþáttur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Leitast verður við að hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð. Ákveðið verður með kennarahópnum á fyrsta skipulagsdegi hvaða leiðir verða farnar.

Einingakubbar

Er stefna skólans í kubbastarfi nógu markviss, er hún samræmd á milli deilda, eru skipulagðar kubbastundir eða flæði?

Farið verður í að samræma skipulag í kubbastarfi í Laugasól og fá inn meiri fræðslu fyrir kennarahópinn.

6 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf?

Annar sérkennslustjórinn er með mikla reynslu af fjölmennningarlegu leikskólastarfi og með menntun í fjölmenningarfræðum. Þessu til viðbótar höfum við leikskólakennara með menntun í fjölmenningarfræðum og fleiri með mikla reynslu af vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku. Við fögnum fjölbreytileikanum, tökum þátt í verkefninu *Fljúgandi teppi* sem er á hverju ári og lýkur með *Menningarmóti*. Þar gefst þátttakendum tækifæri til að hittast og kynna sína persónulegu menningu í hvetjandi umhverfi. Ekki er endilega um að ræða þjóðarmenningu eða upprunamenningu einstaklinga heldur er markmiðið að hver og einn varpi ljósi á það sem skiptir hann mestu máli eða vekur áhuga hans. Á hverju Menningarmóti eru allir í hópnum bæði þátttakendur og áhorfendur.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?

Markvisst er unnið með daglegan orðaforða hjá börnunum, sjá Læsisstefnu Laugasólar, fylgiskjal 4. Ef ástæða þykir til er unnið sérstaklega með börnum sem eru með íslensku sem annað mál. Þau eru tekin í litlum hópum í málörvun og þeim er fylgt eftir í leik.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?

Þegar foreldrar nýrra barna af erlendum uppruna byrja í leikskólanum er þeim boðið upp á túlk þegar verið að kynna leikskólann. Ef að við erum með starfsmenn sem talar þeirra tungumál þá nýtum við okkur það líka í samskiptum við foreldra. Ef á þarf að halda er fenginn túlkur varðandi öll samskipti er varðar barnið. Önnur upplýsingagjöf fer fram á íslensku.

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tekur árleg starfsþróunarsamtöl sem eru á vorönn. Samtölin eru boðuð með viku fyrirvara og fær hver kennari undirbúningsblað frá leikskólastjóra. Samtölin eru ætluð til starfsþróunar. Samtölin fara fram í fundarherbergi Laugaborgar og taka um 45 mínútur.

Símenntun frá síðasta ári - Skipulagsdagar

- Einingakubbar - Elva Önundardóttir leikskólakennari fjallaði um einingakubba (okt. 2017).
- Einelti, áreitni, fordómar - Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi frá skóla- og frístundasviði (okt. 2017).
- „Börnin ráða sjálf ferðinni“ - Sigurbaldur leikskólakennari í Laugasól fjallaði um niðurstöður úr meistararitgerð sinni, reynsla leikskólakennara af opnum efnivið (okt. 2017).
- „Byrgjum brunninn áður en kennarinn dettur yfir.“ Þóra Sif Sigurðardóttir fjallaði um núvitund (nóv. 2017).
- „Réttindi barna í leik-skóla-starfi.“ Hjördís Eva Þórðardóttir starfsmaður Unicef á Íslandi fjallaði um réttindi barna til menntunar, leiks og verndar samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (mars 2018).

Námskeið/ráðstefnur/kynningar

- „Valið er skemmtilegast þá fáum við að ráða nema þegar kennarar fá að ráða.“ Ráðstefna á í febrúar á Hilton Nordica. – Nokkrir kennarar sóttu ráðstefnuna.
- „Orð í breiðum upp á heiðum.“ Ráðstefna á vegum leikskólans Tjarnarsels og skólaskrifstofu Reykjanesbæjar. – Nokkrir kennarar sóttu ráðstefnuna.
- Sigurbaldur P. Frímannsson deildastjóri í Laugasól kynnti meistaraverkefni sitt, „Börnin ráða sjálf ferðinni“ í HÍ (Rannung) og í leikskólanum Króki í Grindavík.

Ýmis námskeið sérkennara/sérkennslustjóra:

- AEPS færnimiðað matskerfi – Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins.
- TRAS-skráning á málþroska ungra barna í feb. og mars 2018.
- EFI-2 fyrirlögn og túlkun málþroskaskimunar í mars 2018.

Önnur fræðsla

- Námsferð til Helsinki – Allir kennarar Laugasólar fóru til Finnlands dagana 18.-22. apríl 2018. Tilgangur ferðar var að kynnast skólastarfi í Finnlandi. Heimsóttir voru skólar og söfn. Hópurinn fékk kynningu á menntastefnu borgarinnar og landsins alls og þeim breytingum og áherslum sem borgin fór í til að efla innviði skólastarfsins á fyrsta skólastiginu.
- Námsferð til Skotlands -Storytelling Festival hjá Scottish Storytelling Centre í Edinborg Kennari sótti námskeiðið.

Fjarnám:

- Meistaránám í leikskólafræðum – leikskólaleiðbeinandi B.
- Meistaránám í mannauðsstjórnun – deildarstjóri. Námi lokið vor 2018.
- Meistaránám í upplýsingafræðum – deildastjóri.

Áætlun um símenntun

- Jafnréttismál í leikskóla - Fá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur til að koma með fræðslu.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna -Fá frekari kynningu hjá UNICEF.
- Mat á skólastarfi - Fá Ásdísi Olgu Sigurðardóttur á fund með matsteymi leikskólans og deildarstjórum.
- Mál og Læsi í leikskóla - Fá fræðslu og fyrirlestur fyrir alla starfsmenn leikskólans á skipulagsdegi. Fara í heimsókn í Tjarnarsel í Reykjanesbæ sem leggur áherslu á Mál og læsi ásamt vettvangsferðum, umhverfismennt og útinámi.
- Fjölmennning í leikskóla – Fá fræðslu og fyrirlestur fyrir alla starfsmenn leikskólans á skipulagsdegi.

8 Foreldrasamvinna

Í **foreldraráði** Laugasólar eru fjórir fulltrúar, þeir gefa kost á sér á foreldrafundum sem haldnir eru á haustin. Foreldraráð fer yfir starfsáætlun ár hvert og kemur að ákvörðun um sumarlokun skólans, einnig geta ýmis önnur mál komið til foreldraráðs. Stjórnendur Laugasólar hafa fundað reglulega með foreldraráði yfir skólaárið og tekið ýmis mál fyrir. Þetta hefur reynst leikskólanum afar vel.

Í stjórn **foreldrafélagsins** eru starfandi 11 foreldrar. Stjórn foreldrafélagsins ásamt leikskólastjóra funda/eða senda tölvupóst nokkru sinnum á skólaárinu.

Opið hús er fyrir nýja foreldra á vorin þar sem þeim ásamt börnum þeirra er boðið að koma, skoða sína deild og hitta kennarana.

Foreldrafundir eru í september/október. Á fundunum er skipulag og starfsemi skólaársins kynnt. Fundirnir eru ýmist haldnir á deildum eða í sal Laugaborgar og Lækjaborgar fyrir eða eftir hádegi. Nýjum foreldum er boðið á fund í aðlögunarviku þar sem leikskólinn er kynntur, farið yfir námskrá og starfsemi leikskólans.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og eftir þörfum á öðrum tímum ársins. Stutt samtal á haustin (10-15 mín.) eftir að aðlögun barns lýkur og seinna samtal í mars/apríl (20-30 mín.). Deildarstjóri eða leikskólakennari taka samtöl við foreldra.

Opið hús er fyrir foreldra á *Degi leikskólans*. Þá koma foreldrar og taka þátt í leikskólastarfinu.

Aðventukaffi er í byrjun desember. Á þeim degi koma foreldrar og borða með okkur morgunverð.

9 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf við Laugarnesskóla verður með svipuðu sniði og verið hefur og reynum við alltaf að styrkja það enn frekar. Við fögnum mjög samstarfi við Laugalækjarskóla sem er nýtt og hefur verið gaman að vinna með unglingunum í hverfinu og finna áhuga þeirra á okkur.

Laugarnesskóli – Áætlun vetrarins

Áhersla er lögð á að elstu börnin kynnist umhverfi Laugarnesskóla með heimsóknum ásamt kennurum Laugasólar. Næsta skólaár er gert ráð fyrir eftirfarandi skipulagi varðandi samstarf.

- Tvær heimsóknir eru í leikskólann þar sem nemendur og kennari grunnskólans (Laugarnesskóli) koma í heimsókn og eru hluta úr degi. Heimsóknirnar eru á haustönn - 5. bekkur og 1. bekkur kemur á vorönn.
- Heimsókn leikskólabarna í bókasafn Laugarnesskóla er á haustönn.
- Eftir áramót hitta leikskólabörn skólastjórnendur í Laugarnesskóla og fara skoðunarferð um skólann.
- Börn leikskólans fara seinni hluta vetrar í litlum hópum í Laugarnesskóla. Þau hafa nesti meðferðis og taka þátt í hefðbundnu skólastarfi fyrir hádegi.
- Í maí taka leikskólabörn þátt í útivistardögum í Laugarnesskóla.
- Foreldrar og börn heimsækja Laugarnesskóla í maí.

Laugalækjarskóli:

Frá 2015 hafa Laugasól og Laugalækjarskóli verið í samstarfsverkefni. Markmið verkefnisins er að bæta skilning, þátttöku og virkni nemenda við nærumhverfið með samfélagslegri nálgun. Skólaárinu er skipt í þrjár annir þar sem nemendur í Laugalækjarskóla geta valið um sjálfboðavinnu í Laugasól, sjálfboðavinnu á Hrafnistu eða aðstoðarkennslu í 7. og 8. bekk. Verkefnið er valfag í 9. og 10. bekk og koma þrír til fjórir nemendur einu sinni í viku í 60-80 mínútur í senn og leika með leikskólabörnum. Tengiliður verkefnisins er Lísu Ruth Klöruðóttir.

Fleiri verkefni sem fóru af stað milli skólanna skólaárið 2016-2017 og halda enn áfram:

- Nokkrir nemendur úr Laugalækjarskóla sem eru að læra íslensku komu í heimsókn í Laugasól og hlustuðu á skemmtilegan söng og fylgdust með nemendum í leik og starfi.
- Á síðasta skólaári tóku við þátt í atvinnutengdu námi grunnskólanema. Einn nemandi úr Laugalækjarskóla kom í starfsnám einu sinni í viku yfir veturinn.

- Samstarf var einnig við nemendur í 7. bekk, þau buðu eldri börnum úr Laugasól í heimsókn með það að markmiði að kynnst þeim og fá hugmyndir þeirra og viðhorf um barnasögur. Viku seinna fóru svo allir nemendur í 7. bekk í hópum að heimsækja leikskólann og lesa upp sögurnar sem þau höfðu samið fyrir leikskólabörnin.

Tónlistarskóli Sigursveins:

Samstarfið felst meðal annars í heimsókn elstu barna í tónlistarskólann og árlegu samstarfsverkefni í kringum Barnamenningarhátíðina.

Hjúkrunarheimilið Skjól:

Elstu börnin heimsækja vistmenn í Skjóli nokkru sinnum yfir skólaárið, syngja saman og skemmta sér og öðrum.

Þjónustumiðstöð aldraða við Dalbraut:

Fjögurra ára börnin heimsækja vistmenn, syngja fyrir þá, syngja með þeim, spjalla, skreyta piparkökur og margt fleira.

Borgarbókasafnið í Sólheimum:

Skipulagðar heimsóknir yfir skólaárið, börnin kynnst bókasafninu í gegnum lestur og leik.

Laugarnes á ljúfum nótum:

Hátíð í Laugarneshverfi þar sem skólar og frístund taka sig saman og halda glæsilega vorhátíð. Laugasól hefur séð um að vera með myndlistarsýningu á þessari hátíð sl. skólaár.

Myndlistarskólinn í Reykjavík:

Helstu nýjungar skólaárið 2017-2018 er samstarfsverkefni Laugasólar og Laugarnesskóla við Myndlistarskólann í Reykjavík. Verkefnið nefnist Skólabrú -Tengslabré á milli skóla. Verkefnið er evrópskt og hefur Myndlistarskólinn umsjón með því. Aðalarkmiðið er að stuðla að því að menning og listir verði eðlilegur hluti af daglegu lífi 0-8 ára barna. Leik- og grunnskólakennarar starfa með listamanni að því að menning og listir verði eðlilegur hluti af daglegu lífi barnanna ásamt því að mynda brú milli leik- og grunnskólans. Elstu börnunum í Laugasól var skipt í fjóra hópa og fór hver hópur viku í senn og unnu að ýmsum verkefnum.

10 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í Laugarneshverfi skólaárið 2018-2019:

22. ágúst	Laugasól, Hof, Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli.
28. sept.	Laugasól
23. nóv.	Laugasól, Hof, Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli.
27. feb.	Laugasól, Hof, Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli.
25. mars	Laugasól
10. maí	Laugasól

11 Fylgigögn

11.1 Matsgögn

11.2 Umsögn foreldraráðs

11.3 Leikskóladagatal

11.4 Læsisstefna Laugasólar

11.5 Viðhorfskönnun starfsmanna

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Matsgögn fylgiskjal 1

Einingakubbar:

Hvernig er unnið á ykkar deild með einingakubba?

- Á hverjum degi
- Í hópavinnu og er þá unnið með ákveðið þema
- Í frjálsum leik
- Er lögð áhersla á að kenna frágang og að bera virðingu fyrir námsefninu

Hvert er hlutverk kennara í einingakubbum

Kennarinn undirbýr námsumhverfið - setur fram markmið/áherslur til styttri/lengri tíma

Kennari skipuleggur rými/umhverfi, tíma, fjölda kubba og viðbótar efnivið til að þróa leikinn.

Kennarinn skráir, fylgist með og hvetur börnin áfram í leiknum

Kennarinn leiðir leikinn áfram með opnum spurningum

Kennarinn gefur nægan tíma í leik og frágang

Kennarinn auðgar leikinn, t.d. með því að leggja inn viðbótarefnivið

Kennarinn skapar aðstæður sem vekja upp forvitni...

Ferðir, upplifun

Hverning eru kubbastundir undirbúnar? (ef það á við)

-Á hvern hátt er kennari að leiða leik barna áfram í einingakubbum? Eru kennarar að spyrja börnin opinna spurninga?

-Á hvern hátt ert þú sem kennari að auðga leik barna í einingakubbum?

-Hvernig vekur þú áhuga barns sem virðist skorta áhuga á að byggja úr einingakubbum?

-Hvernig hvetur þú börn til samvinnu? Eða fá börnin frjálsar hendur með að kubba ein eða saman.

Hver eru markmið deildarinnar eða áherslur og er verið að vinna út frá þeim í kubbastundum

Er farið í ferðir og unnið úr þeim upplifunum í kubbastundunum

Er þróun í kubbavinnunni

Hvaða umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á næsta skólaári?

Frjáls leikur:

Viðhorf kennara til leiksins s.s. upphaf, leikur, frágangur.

Leggja kennarar inn efniviðinn.

Er efniviðurinn sýnilegur.

Er aðgengi gott fyrir börnin.

Rými fyrir leikinn og fjöldi barna á svæði.

Er fjölbreytni í leikefni.

Notum við endurnýtanlegan efnivið.

Og allt annað sem ykkur dettur í hug.

Hvaða umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta næsta skólaár?

Betri samskipti bætt líðan.

Markmið: Að allir fái jöfn tækifæri og eigi í góðum samskiptum við börn og kennara.


Leiðir: Fara í ákveðja greiningarvinnu og vinna út frá efni sem var kynnt var á skipulagsdegi hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur.

- Greina eftir flokkum.
- Greina hvaða börn þurfa aðstoð.
- Greina samskipti kennara við börn.
- Gera áætlað í samráði við foreldra.

Deildarstjórar meta með sínu fólki hvernig gekk að vinna eftir þessum þáttum og útskýra hvaða leiðir voru farnar. Óskað er eftir niðurstöðum í tölvutæku formi.


Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna skor valins samanburðar



Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna skor valins samanburðar



Meðaltal allra þátta

4,41^{4,49}
fyrri könnun

Starfsánægja

4,65^{4,62}
fyrri könnun

Hæfir og áhugasamir starfsmenn

4,38^{4,46}
fyrri könnun

Árangursríkir stjórnunarhættir

4,39^{4,58}
fyrri könnun

Hvetjandi og jákvætt starfsumhv...

4,41^{4,46}
fyrri könnun



Læsi í Laugasól

Segja má að allur efniviður og viðfangsefni leikskólans, náttúra, umhverfi, menning og reynsla barna séu verkfæri til að koma merkingu á framfæri (Lesið í leik, 2013).

Í skólanum er ritmálið gert sýnilegt innan veggja skólans með því að merkja leiksvæði, leikefni og flest það sem hefur einhvern tilgang að merkja.

Bókstafir og tölustafir eru á veggjum leikskólans og margs konar leikefni sem hvetur til notkunar á ritmálinu er haft aðgengilegt, t.d. pappír, ritföng og bækur.

Börnin takast á við margskonar verkefni og hlutverk:

- Umsjónarmaður dagsins á eldri deildum fer yfir veðrið og klæðnað.
- Hann tekur þátt í að flokka pappír, plast og fara með lífrænan úrgang (Svanga Magna) í moltutunnu í garðinum.
- Hann sækir mat og býður til borðs

Á yngri deildum æfa börnin sig í að vera í leikskóla.

Bækur til að skoða og lesa eru hluti af daglegu umhverfi barnsins. Í bókakrók eru bækur hafðar aðgengilegar svo auðvelt sé að nálgast þær.

Á hverjum degi eru lesnar sögur í samverustund/sögustund, styttri sögur og framhaldssögur.

Unnið er með sögur, vísur og leikið með rím og stafa- og orðaleiki. Sögugerð og samræður um viðfangsefni og upplifun líðandi stundar.

Farið er í bókasafnið og aðrar menningastofnanir í hverfinu, einnig eru önnur bókasöfn og bókabíllinn heimsóttur.

Börnin mega alltaf koma með bók, spil eða geisladisk í leikskólann.

Á hverjum degi er sungið saman og lærðir nýir textar og söngvar.

Verkefni á milli skóla og heimilis:

- Í **bangsaverkefninu** fer bangsinn og bók heim með barninu og fylgir því og fjölskyldunni eftir í ákveðinn tíma. Í bókina skráir fjölskyldan á sínu tungumáli hvað þau gera saman.
- **Póstkassi** er á öllum deildum og eru foreldrar hvattir til að aðstoða barn sitt við að skrifa bréf og setja í póstkassann - Bréfið er síðan lesið í samverustund.
- Verkefnið **Fljúgandi teppi/Menningarmót** er hugsað til að varpa ljósi á styrkleika, áhugamál og fjölbreytta menningarheima barna og fjölskyldna þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt og koma með innlegg í verkefnið sem getur verið af ýmsum toga t.d. bækur, geisladiskar, matur og fleira. Börnin koma með eitthvað úr sinni heimamenningu til að segja frá og sýna öðrum.

Vettvangsferðir eru undirbúnar á ýmsa vegu s.s. í formi samræðna, bóka og mynda.

Í ferðunum öðlast börnin þekkingu og leikni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í útináminu gefst tækifæri til að auka við þekkingu, efla orðaforða og málnotkun.

Eftir ferð er hún rifjuð upp og unnið að mismunandi verkefnum út frá aldri og þroska barnanna.

Ljósmyndir eru teknar í hverri ferð og settar á heimasíðu til skoðunar og samræðu fyrir fjölskylduna og alla áhugasama.

Börnunum læra að bera virðingu og taka tillit til hvers annars sem stuðlar að jákvæðum samskiptum og vináttu í barnahópnum.

Við höldum upp á eftirtalda daga með heimsóknnum, verkefnum eða hverju því sem okkur dettur í hug í það skiptið.

- Dagur læsis 8. september
- Dagur íslenskrar náttúru 16. september
- Dagur íslenskrar tungu 16.nóvember

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

Laugasól

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F		1 L	Fulveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F		1 F		1 M		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 L		1 M	
2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F		2 S	Sjómanna dagurinn	2 Þ	
3 F		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F		3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ	Aðventukaffi	4 F		4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L		4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F	Dótdagur	5 M	Vínáttuvika	5 M	Aðventukaffi	5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F		5 S		5 M		5 F	
6 M	Friðagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F	Aðventukaffi	6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans - opið hús	6 M	Öskudagur	6 L		6 M	Hreinsunarvika í leikskólanum	6 F		6 L	
7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 F	Jólapeysudagur	7 M		7 F		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S	
8 M		8 L		8 M		8 F		8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F	Laugasól opnar eftir sumarleyfi	9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F	Skipulagsdagur	10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 M		11 M	Fjúgandi teppi	11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F	Dótdagur	12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	Jólaskemmtun	13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F	Dagur íslenskrar náttúru	14 S		14 M		14 F		14 M	Ljós- og skuggavika	14 F		14 F		14 S	Pálmásunnudagur	14 Þ		14 F	Íþrótt- og Íslandsdagur	14 S	
15 M	Skipulagsdagur	15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S		16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M		17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M		19 F		19 M		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M		20 F		20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F		21 M		21 F		21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ		21 F		21 S	
22 M		22 L		22 M		22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F	Menningarmót	22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Bóndadagur - ullarföt	25 M		25 M	Skipulagsdagur	25 F	Sumardagurinn fyrsti	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M		26 F	Bangsa-og náttfatadagur	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur	27 Þ		27 F		27 S		27 M	Skipulagsdagur	27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F	Skipulagsdagur	28 S		28 M		28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 Þ	Útskrift elstu barna	28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M	Útskriftarferð e. barna	29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnamenningarhátíð hefst	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

Starfsáætlun 2018 – 2019

Leikskólinn Laugasól

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ilmur Kristjánsdóttir

Lína Dögg Ástgeirsdóttir

Sunna Dís Másdóttir

Birna Hjaltadóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfið á Laugasól ber þess merki að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks er nokkuð hátt. Áberandi er að starfsfólkið vinnur vel saman og gott samtal er á milli deilda. Sést þetta einna helst á því viðmóti sem foreldrar/forsjáraðilar og börnin mæta þegar þeir koma á leikskólann, þar sem starfsfólk er vel kunnugt börnum utan sinna starfsdeilda, en einnig kemur viðhorfskönnun starfsmanna vel út. Stjórnendum leikskólans helst vel á starfsfólki og er starfsmannavelta mjög lítil, nokkuð sem er fagnaðarefni. Þess má líka geta að á skólaárinu var einnig sett á laggirnar matsnefnd Laugasólar m.a. með það að markmiði að auka samræmi á milli deilda.

Reykjavíkurborg hefur hafið vinnu við að bæta starfsumhverfi leikskóla í borginni. Það hefur þau áhrif á Laugasól að nemendur verða færri á komandi skólaári. Er það mat foreldraráðs að það sé mikilvægur þáttur í að bæta námsumhverfi, bæði nemenda og starfsfólks.

Í innra mati var lögð megináhersla á þrjá þætti, leik barna með einingakubba, frjálsan leik og samskipti og líðan. Frjáls leikur er ein af meginstoðum leikskólastarfs í Laugasól og því mikils vert að hugað sé að mati á þeim hluti starfsins. Í síðasta þættinum, mati á samskiptum og líðan, var notast við samskiptahring að fyrirmynd Vöndu Sigurgeirsdóttur sem unnið hefur afar uppbyggilegt starf með starfshópi leikskólans. Starfsfólk metur samskipti innan barnahópsins jafnt og samskipti kennara og barna, með það að markmiði að tryggja að öll börn fái jafna og jákvæða athygli kennara, sem og að geta greint hratt og örugglega hvaða börn eiga erfitt uppdráttar innan hópsins, svo hægt sé að styðja betur við þau. Niðurstöður innra matsins gefa vísbendingar um að samskiptahringur Vöndu geti orðið mikilvægt verkfæri í starfinu á Laugasól.

Ytra mat á starfsumhverfi í Laugasól, sem birtist í viðhorfskönnun starfsmanna, skilar góðum niðurstöðum. Enn ber á því að starfsfólk mæti fordómum í sinn garð á vinnustað og hefur skólinn þegar sett sér þau umbótamarkmið að fordómar mælist ekki í viðhorfskönnun 2019.

Þá hefur Laugasól unnið að samstarfsverkefnum innan hverfis, með Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, með það að markmiði að styrkja félagslega vitund þátttakenda innan nærumhverfisins. Útlit er fyrir að þau verkefni haldi áfram og vaxi frekar en minnki, nokkuð sem foreldraráð fagnar, sem og nýju samstarfsverkefni leikskólans og Myndlistaskólans í Reykjavík.

F.h foreldraráðs Laugasólar

Sunna Dís Másdóttir

